



Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 25. nóvember 2021

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
Bráðabirgðaákvæði varðandi tilhögun keppni A-liða í 3. aldursflokki keppnistímabilið 2022
Breyting á ákvæði 22.4 - útvallarmark

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 23. nóvember sl. samþykkti stjórn eftirfarandi breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Annars vegar er um að ræða breytingu er varðar vægi útvallamarka þegar leikið er til þrautar í útsláttarfyrikomulagi þannig að leikið er í tveimur leikjum, heima og heiman. Hins vegar er um að ræða bráðabirgðaákvæði varðandi tilhögun keppni í 3. flokki A-liða keppnistímabilið 2022.

Hér að aftan er að finna þá breytingu sem hefur verið gerð og þau nýju ákvæði sem bætt var við reglugerðina til bráðabirgða ásamt greinargerð um breytingarnar:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

Eftirfarandi breyting hefur verið samþykkt á ákvæði 22.4 (yfirstrikaður texti fellur út):

22.4. Þegar leikið er til þrautar í útsláttarfyrikomulagi þannig að leikið er í tveimur leikjum, heima og heiman, þar kemst það lið áfram, sem skorað hefur fleiri mörk samanlagt í báðum leikjum viðkomandi liða. ~~Fáist ekki úrslit þannig, skal það lið komast áfram sem skorað hefur fleiri mörk á útivelli.~~ Fáist ekki úrslit þannig, skal framlengt í síðari leik liðanna og sé enn jafnt (enn gildir, að það lið kemst áfram sem skorað hefur fleiri mörk á útivelli), skulu úrslitin ráðin með vítaspyrnukeppni.

Ákvæði 22.4 hljóðar svo eftir breytingu:

22.4. Þegar leikið er til þrautar í útsláttarfyrikomulagi þannig að leikið er í tveimur leikjum, heima og heiman, þar kemst það lið áfram, sem skorað hefur fleiri mörk samanlagt í báðum leikjum viðkomandi liða. Fáist ekki úrslit þannig, skal framlengt í síðari leik liðanna og sé enn, skulu úrslitin ráðin með vítaspyrnukeppni.

Samþykkt hefur verið að bæta við eftirfarandi ákvæðum til bráðabirgða við greinar 25 og 31:

26.gr.
3. flokkur karla

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2022.

25.4. Íslandsmót A-liða

25.4.1. Í 3. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2022 fara eftir ákvæði þessu.

25.4.2. Liðum skal raðað niður í átta liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. til fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

25.4.3. Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- a) Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
- b) Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
- c) Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.

Míðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

25.4.4. Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

25.5 Undanþága frá keppni A-liða

25.5.1 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti keppnistímabilið 2022:

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

31.gr.

3. flokkur kvenna

Ákvæði til bráðabirgða 2022

31.4. Íslandsmót A-liða

31.4.1. Í 3. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2022 fara eftir ákvæði þessu.

31.4.2. Liðum skal raðað niður í átta liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. til fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

31.4.3 Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- a) Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
- b) Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
- c) Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.

Míðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

31.4.4 Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

31.5 Undanþága frá keppni A-liða

31.5.1 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti keppnistímabilið 2022:

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

Greinargerð:

Á fundi stjórnar KSÍ þann 23. nóvember sl. samþykkti stjórn framangreindar breytingar á og viðbætur við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Hér að aftan má finna frekari skýringar að baki breytingunum.

Breyting á grein 22.4

Að fengnum tilmælum „UEFA Club Competitions Committee“ og „UEFA Women’s Football Committee“ ákvað framkvæmdastjórn UEFA fyrr á þessu ári að samþykkja tillögu um að fjarlægja svokallaða útivallarreglu úr reglum er varða allar keppnir á vegum UEFA frá og með upphafi keppnistímabils 2021/22.

Á fundi mótanefndar KSÍ þann 14. október 2021 var samþykkt að leggja til við stjórn KSÍ að breyta ákvæði 22.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót til samræmis við reglur UEFA. Hér er um að ræða að afnema gildi útivallamarka í útsláttarkeppnum þegar leikið er í tveimur leikjum, heima og að heiman, t.d. í úrslitakeppni 4. deildar karla.

Tillaga mótanefndar KSÍ var tekin fyrir á fundi stjórnar KSÍ þann 26. október 2021. Var þar ákveðið að vísa málinu til Laga- og leikreglnanefndar. Laga- og leikreglnanefnd fjallaði um málið á fundi sínum þann 18. nóvember sl. og lagði í kjölfarið til ofangreinda tillögu um breytingu á ákvæðinu þannig að eftir standi að mörk skorud á heima- og útivelli hafi sama vægi. Er það mat nefndarinnar að breytingin sé í fullu samræmi við tillögu mótanefndar til stjórnar. Á fundi stjórnar KSÍ þann 23. nóvember sl. var tillagan yfirfarin og samþykkt.

3. flokkur – keppni A-liða keppnistímabilið 2022

Allt frá stofnun Knattspyrnusviðs KSÍ í apríl 2019 hefur farið fram fagleg hugmyndavinna af hálfu sviðsins í samvinnu við yfirþjálfara aðildarfélag KSÍ þar sem leitast hefur verið eftir að finna leiðir til að þróa umhverfi afreksleikmanna í landinu.

Margar hugmyndir hafa komið fram og verið til umræðu en þær breytingar sem nú hafa verið samþykktar til bráðabirgða, sbr. hér að ofan, voru lagðar til þar sem það er mat Knattspyrnusviðs KSÍ, sem ber að bæta faglegt starf innan hreyfingarnar, að þessi tilhögun sé besta leiðin, af þeim sem fram hafa komið, til þess að taka skref áfram í að bæta og þróa afreksstarf innan félaganna.

Um er að ræða ákvæði sett til bráðabirgða vegna keppnistímabilsins 2022. Er um ákveðið tilraunarverkefni að ræða og mun endurskoðun fara fram haustið 2022.

Hvernig bæta og þróa þessar breytingar okkar mót?

1. Með því að lengja mótið spila bestu leikmenn félaganna fleiri leiki. Stefnan er sett á að spila allt að 30 leiki samfleytt yfir 7-8 mánaða tímabil. Á þennan hátt líkist mótið í tíma og leikjafjölda þeim mótum sem afreksfólk taka þátt í víða í Evrópu á einu keppnistímabili.
2. Með því að spila í þremur lotum þar sem lið geta farið upp og fallið niður eftir hverja lotu tryggjum við að hvert lið fái sem flesta leiki á móti liðum í sama styrkleikaflokki á hverju ári. Með þessu móti spila bestu liðin/leikmennirnir oftar við hin bestu liðin/leikmennina. Þetta er nákvæmlega sama ástæða og félög í meistaraflokki gefa þegar talað er um lengingu á Íslandsmóti meistaraflokks.
3. Þetta mót leysir vandamál félaga sem ná ekki að spila nógu marga góða (leikir á þeirra styrkleika) leiki með sína bestu leikmenn yfir 12 mánaða tímabil.

Breytingar þessar eru tilkomnar og lagðar til vegna þess að það er mikill vilji hjá yfirþjálfurum aðildarfélag KSÍ að þróa afreks sviðið enn frekar á næstu árum. Það eru yfirþjálfarar félaganna sem hafa bestu sýnina á hvað betur má fara þegar við ræðum um þróun mótamála. Þetta nýja

mót, sem verður í raun A liðskeppni 3. flokks, bætist ofan á okkar frábæra grasrótastarf og raskar þar með ekki því sem gott er fyrir.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,
lögfræðingur hjá KSÍ